

Musteri „sterku“ mannanna

Jón Óskar sýnir á Kjarvalsstöðum

Allar götur frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar hefur djúpstætt bíl verið staðfest milli evrópskrar og amerískrar myndlistar. Reyndar má fara töluvert lengra aftur í listasöguna og finna dæmi um það hve ólíkar tilfinningar liggja að baki listum þessara tveggja heima. En það væri órétt-

og byrja að starfa á skynjun áhorfandans um leið og hann gengur í salinn.

En hvað segja myndirnar og hvernig virka þær? Flestar eru risastór portrett af ónefndum mönnum og blandar Jón Óskar saman ljósmyndatækni og akrýllitum. Undirstaðan er þykkur og grófgerður

Halldór B. Runólfsson
skrifar um


myndlist

á skyldleika málalíða nútímans við víkinga fortíðarinnar. Hinir glæstu forfeður okkar létu jarla og kon-

unga kaupa sig til herþjónustu fyrir gull og gersemar og gildi þá einu um málstaðinn. Þessa norrænu gullgræði má kenna af síðustu spjöldum Njálu, enda áttu víkingar á borð við Ragnar loðbrók ættir að rekja til Sigurðar Fáfnisbana, þess sem skirrtist við að skila hinum rauða málm til réttra eigenda og framlengi þar með bölvuninni sem á honum hvíldi.

Burtséð frá slíkrí samanburðar-

fræði, þá standa áhrif mynda Jóns Óskars óhöggud og verða ekki svo auðveldlega lesin ofan í kjölinn. Honum hefur tekist og e.t.v. fyrstum manna að láta myndir stemma við þennan sal. Þar með hefur hann skotið Jóhannesi gamla ref fyrir rass, því verk Kjarvals hafa einhvern veginn aldrei notið sín fullkomlega í þessu kúltúrþakkhúsi þótt alls konar fíðusar hafi verið reyndir við upphengingu þeirra.



látt að gera samanburð á list álfanna tveggja frá tímum þegar Ameríka var enn nokkurs konar menningarleg hálfnylenda Evrópu á sviði myndlistar. Öðru máli gildir um eftirstríðsárin, þegar nýi heimurinn náði vissu forskoti á hinn gamla og stríðshrjáða, plagadan af vonleysi eftir áralanga áþján fasisma og kreppu.

Fyrst eftir stríðið var Evrópubúum starsýnt á stærðirnar í bandarískri list, þessa tröllauknu fleka og risavöxnu höggmyndir. Þetta var auðvitað sett í samhengi við brandarann „Allt er svo stórt í Texas“. Var nokkuð eðlilegra en menn sem bjuggu í háhýsum og óku í stórum bílum hefðu auga fyrir list sem væri stór í sniðum?

Þegar betur er að gáð er það þó engan veginn stærðin sem gefur amerískri list sinn sérstæða svip heldur pragmatískt eðli hennar. Það er engin tilviljun að fyrsta albandaríska liststefnan, abstrakt-expressionisminn, skuli hafa hlotið viðurnefnið „Action-painting“ eða átakalist. Fyrsti boðberi þeirrar listar var enda amerískur í húð og hár, Jackson Pollock, og sór hann að hann hefði ekkert til evrópskrar listar að sækja. Hitt er þó merkilegt að sá maður sem lengst hefur haldið þessari stefnu á lofti er Hollendingurinn Wilhelm de Kooning, borinn og barnfæddur í því landi sem einna dýpstum rötum stendur í evrópskri myndlistarhefð. Enn furðulegra er að sjá hvernig vesturheimskt andrúmsloft breytti málverki samlanda hans, Piets Mondrians. Þessi hreinlífisheimspekingur flatarstílsins virðist hafa umhverfst í einhvers konar djassgeggjara þegar hann var kominn vestur um haf.

Ekki segi ég að Jón Óskar hafi fengið bakteríuna beint í æð, en svipmót mynda hans leynir ekki uppruna sínum. Stærð þeirra, bein og umbúðalaus framsetning ásamt voldugum tæknibrögðum, endurspeglar „kalda“ hefð New Yorkskólans. Upphenging verkanna og nýting salarins (Kjarvalssalar) er einnig hluti af þessari pragmatik og því er hægt að tala um sýninguna sem „uppsetningu“ (installation). Myndirnar skapa samstæða heild

pappír sem gerður hefur verið ljósnæmur. Í nærfellt öllum verkunum er teft á andstædur ljósra og dökkra flata, en segja má að allar syrpuarnar séu litlausar utan sú sem hangir fyrir endavegg salarins og nefnist „Glöggvanir“ (Clarifications). Þetta verk sem reyndar er samsett af þremur stórum ljósmyndum í lit skapar þá þungamiðjusemallt snýst um. Fráþví stafar samþjappaður kraftur í ætt við þann sem skín út úr helgimyndum eða altarisöflum stórra dómkirkna og fær trúaða til að kikna í hnjáliðunum. Andlitid er badað aur og hárið er skærgult svo augun eru eini lifandi hluti þessarar þreföldu mannamyndar.

Einhvers staðar las ég að þetta væru fasískar myndir. Frekar mundi ég kalla þetta myndir af fastistum. Svona gæti „stóri bróðir“ einmitt litið út á því herrans ári 1984. Hann hefur þróast frá Fantomas Feuillades og Dr. Mabuse Fritz Langs og er orðinn miklu venjulegri og yfirvegaðri en hinir geðsjúku myrkrahöfðingjar þöglu kvikmyndanna. Fasistar Jóns Óskars eru engir rómantískir fasistar á borð við Hitler eða Mussolini. Þá dreymir enga drauma um hreinan kynstofn eða endurreisn Rómaveldis. Þeir eru ekki menn gjallarhorna, heldur hljóðdeyfis. Þetta eru málalíðarnir, án föðurlands eða þjóðernis. Þeir fylgja hvaða hæstbjóðanda sem vera skal og vinna störf sín í kyrrþey, „hreit“ og „snyrtilega“ með Seikonákvæmni eins og segir í auglýsingunni. Áhorfandinn er m.ö.o. staddur í nútímalegu musteri teknókratafasismans.

Því skýtur skökku við ef túlka skal fánana er hanga með myndum sumra syrpanna sem tákn þjóðrembu. Ofurmenni Jóns Óskars eru hafin upp yfir slíkt, í nieszchönskum skilningi og mundu ekki einu sinni hafa svo auvirðilega tilfinningasemi í flimtingum. Hins vegar, ef litið er á þessa fána í tengslum við heiti verkanna s.s. „Nýir gulldraumar“ (New Gold Dreams), þá gengur hið táknræna dæmi myndanna upp.


Fánarnir með sínum fornu táknun benda nefnilega áhorfandanum

Samvinnubankinn er ávallt skammt undan

Samvinnubankinn starfrækir útibú í öllum landsfjórðungum.

Húsavík
Kópasker
Sauðárkrúkur
Svalbarðseyri

Egilsstaðir
Stöðvarfjórður
Vopnafjórður



Akranes
Grundarfjórður
Króksfjarðarnes
Patreksfjórður

Hafnarfjórður
Keflavík
Reykjavík
Selfoss
Vík

Leitið ekki langt yfir skammt, leitið til Samvinnubankans.



Samvinnubankinn

Útibúið Svalbarðseyri

BESTI HJÁLPAKÖKKURINN

50 HEKLA HF 1984

KENWOOD CHEF

Er engin venjuleg hrærivél.
Verð með þeytara, hnoðara, grænmetis- og ávaxtakvörn, ásamt plasthlíf yfir skál:

Kr. 8.430.-

(Gengi 26.11.83)

Til í tveimur litum.

KENWOOD CHEF

Ennfremur ávallt fyrirliggjandi úrval aukahluta, svo sem, hakkavél, grænmetisrifjárn, grænmetis- og ávaxtapressa, kartöfluafhýðari, dósahnífur o.fl.

HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Sími 21240

Járn- og glervörudeild KEA
Hafnarstræti 91 Akureyri
Sími 96-21400